

ERINDISBRÉF

Fagráð Landspítala

Við Landspítala starfar fagráð sem skipað er af forstjóra til þriggja ára í senn. Ber forstjóra samkvæmt 13. gr. laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu, að leita álitis fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag Landspítala, en er þó ekki bundinn af álitinu.¹

Fagráð Landspítala er skipað 7 fulltrúum starfandi fagstétta innan stofnunarinnar og er skipunin til þriggja ára í senn. Forstjóri skipar að fengnum tilnefningum einn fulltrúa hjúkrunarfræðinga, einn fulltrúa lækna og einn fulltrúa sjúkraliða. Þremur sætum er skipt á milli rannsóknastétta, þjálfunarstétta og viðtalsstétta. Sjöundi fulltrúi fagráðsins er skipaður af forstjóra án tilnefningar.

Fagráð skal:²

- Kjósa sér formann og annan til vara
- Setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra
- Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar er fjórum sinnum á ári.

Í Fagráð Landspítala eru skipaðir til þriggja ára frá 1. maí 2021:

F.h. hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra: Marta Jóns Hjördísardóttir, hjúkrunarfræðingur

F.h. lækna: Þórunn Jónsdóttir, læknir

F.h. sjúkraliða: Jakobína Rut Daníelsdóttir, sjúkraliði

F.h. rannsóknarstétta: Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, náttúrufræðingur

F.h. þjálfunarstétta: Halldóra Eyjólfsdóttir, sjúkrapjálfari

F.h. viðtalsstétta: Erla Björg Birgisdóttir, sálfræðingur

Skipaður án tilnefningar: Tryggvi Hjörtur Oddsson, hjúkrunarfræðingur

Landspítali, 1. apríl 2021



Páll Matthíasson, forstjóri

¹ <https://www.althingi.is/lagas/151a/2007040.html>

² [Rg. 1111/2020](#)